

Minnisblað vegna skólaakstur við Hrafnagilsskóla

málsnr. 1402001

Viðtakandi: Sveitarstjórn.

Tílefni: Bókun skólanefndar 21. maí 2014.

Dagsetning: 23. maí 2014.

Í bókun skólanefndar er vitnað í svarbréf Mennta- og menningamálaráðuneytis við kvörtun foreldra varðandi málið. Tilvísunin er eftirfarandi: „*Eins og mál þetta virðist vaxið telur ráðuneytið að skipulagning og framkvæmd sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar sé ekki í samræmi við framangreind ákvæði reglnanna og þann megintilgang þeirra að skipuleggja skólaakstur fyrst og fremst í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr. reglnanna.*”

Þarna er vísað í reglur um skólaakstur grunnskóla nr. 656/2009 með stoð í 22. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Málgreinin sem vitnað er til hljóðar svo: „*Skólaakstur skal skipulagður í samræmi við þarfir nemenda með hliðsjón af öryggi þeirra, velferð og umhverfisaðstæðum, svo sem fjarlægðar milli heimilis og skóla. Sveitarfélag getur í reglum, sbr. 1. mgr. 3. gr., sett almenn viðmið um skipulag skólaaksturs.*”

Og greinin í lögnum hljóðar svo: „*Sveitarfélög bera ábyrgð á skipulagi skólaaksturs þar sem hann á við og standa straum af kostnaðinum. Ráðherra setur nánari reglur um tilhögun skólaaksturs í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Skólaakstur skal vera nemendum að kostnaðarlausu.*”

Rétt er að taka fram að ráðuneytið er að svara kvörtun tveggja íbúa Eyjafjarðarsveitar yfir fyrirkomulagi skólaaksturs nemenda við Hrafnagilsskóla. Ráðuneytið er ekki úrskurðaraðili og sendir ráðuneytið svarbréf til íbúanna og túlkun þess á tveim atriðum, sem virðast vera annars vegar heildartími skólaaksturs að meðtöldum biðtíma og hins vegar hvort heimilt sé að breyta skólabíl í strætisvagn og breyta tímaáætlun í samræmi við þarfir almennings. Jafnframt sendi ráðuneytið ljósrit til Eyjafjarðarsveitar en engin tilmæli.

Við undirbúning svars ráðuneytisins er send fyrirspurn til Eyjafjarðarsveitar um framkvæmd skólaaksturs og óskaði eftir upplýsingum um heildaraksturs- og biðtíma nemanda. Í svari kemur fram að lengsti heildartíminn er 115 mín., en reglugerðin segir í 3. mgr. 4. gr. að sá tími skuli að jafnaði ekki vera lengri en 120 mín. Í svarinu kemur einnig fram að ætlunin væri að endurskoða tímaáætlunina þegar frekari reynsla væri komin á notkun þjónustunnar. Þess vegna óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um endurskoðunina og þá var búið að stytta tímann um 5 mín. eða í 110 mín. þar sem lengstan tíma tekur að aka til

skólans, eða í einum bíl af 6 og í 70 mín. þar sem heildartíminn er stytstur. Á þeim tíma er meðtalinn tíminn til að borða morgunverð í skólanum.

Bréfiturum er gefinn kostur á að gera athugasemdir við umsögn sveitarfélagsins en sveitarfélagið fær aldrei tækifæri til að tjá sig um fyrirspurn eða athugasemdir þeirra sem kvarta til ráðuneytisins. Væntanlega er það þess vegna sem ráðuneytið orðar svarbréf sitt með þeim hætti að mál þetta virðist þannig vaxið að það sé ekki í samræmi við reglur, en ekki útskýrt nánar hvað sé ekki í samræmi við reglurnar. Ráðuneytið túlkar síðan greinina sem segir að skipuleggja skuli skólaakstur í samræmi við þarfir nemenda þannig að aksturinn skuli skipulagður fyrst og fremst í samræmi við þarfir nemenda. Helst er að ætla að ráðuneytið telji að sveitarstjórn hafi tekið ákvörðun um þessa samnýtingu á ófaglegan hátt án samráðs og í mikilli andstöðu við foreldra og skólanefnd. Engin fyrirspurn kom frá ráðuneytinu um þetta atriði og því telur undirritaður rétt að rekja verkferlið við ákvörðunartökuna.

12.03.2013 Skólanefnd bókar:

„Hrund kynnti hugmyndir að heildstæðum skóladegi. Skólanefnd fagnar þeim og leggur til að boðað verði til íbúafundar í samstarfi við foreldrafélagið til að ræða hugmyndirnar. Einnig voru ræddar hugmyndir um að flýta skólaakstri vegna framhaldsferða til Akureyrar. Í tengslum við það var rætt um að bjóða upp á hafragraut á morgnana í Hrafnagilsskóla.“

27.03.2013 Sveitarstjórn samþykkir bókun skólanefndar.

23.04.2013 Skólanefnd ákveður að stefna að íbúafundi um heildstæðan skóla 6. maí.

06.05.2013 Íbúafundur haldinn um heildstæðan skóla og jafnframt rætt um flýtingu skólaaksturs vegna samnýtingar vegna almennings-samgangna.

22.05.2013 Sveitarstjórn bókar:

„Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu um að skólabílum verði flýtt næsta skólaár og þá fari einn bíllinn með farþega til Akureyrar. Farþegum verði boðið að taka sér far með skólabifreiðum gjaldfrítt. Nemendum verði boðið upp á hafragraut á morgnana og er áætlaður kostnaður við það kr. 1.000.000.- á skólaári.“

Á þeim fundi lá fyrir minnisblað sveitarstjóra svohljóðandi:

„Lagt er til að komu skólabifreiða verði flýtt næsta skólaár þannig að allir bílar séu komnir að Hrafnagili 7:40 og þá fari einn bíllinn með farþega til Akureyrar.

Farþegum verði boðið að taka sér far með skólabifreiðum gjaldfrítt. Nemendum verði boðið upp á hafragraut á morgnana. Áætlaður kostnaður 1 Mkr. á skólaári.

Reynt verði að fá Strætó til að taka upp ferðir milli Eyjafjarðarsveitar og Akureyrar og þeim viðræðum ljúki fyrir haustið.

Áður en skólahald verður tekið upp í haust verði tekin ákvörðun um hvort bjóða eigi upp á eina heimferð í lok vinnudags að Hrafnagili. Áætlaður kostnaður 6,5 Mkr. miðað við að ekin sé ein ferð á þeim tíma sem skólahald stendur yfir.“

03.06.2013 Skólastjóri segir í skólaslitaræðu sinni m.a.:

„Ákveðið hefur verið að keyra alla skólabíla örlítið fyrr á næsta skólaári en í vetur hefur einn skólabíll verið að koma fyrr til að geta keyrt nemendur sveitarinnar í framhaldsskólana á Akureyri. Við munum bjóða þeim nemendum sem mæta snemma upp á hafragraut á morgnana í mötuneyti skólans áður en skólastarf hefst.“

18.06.2013 Skólanefndarfundur var haldinn en málefni skólaakstur, eða almenningssamgangna ekki á dagskrá.

Umræða um þá aðferð að bjóða upp á almenningssamgöngur í tengslum við skólabíla hafði því verið þó nokkur áður en ákvörðun var tekin og engar athugasemdir komu fram um neikvæða þætti þess að þetta væri gert.

Það að ákvörðun var tekin á sveitarstjórnarfundum 22.05 markast af því að stutt var í skólaslit og ekki fyrirhugaður skólanefndarfundur fyrr en eftir skólaslit og sveitarstjórn taldi rétt að taka ákvörðunina fyrir sumarleyfi svo hægt væri að hrinda henni strax í framkvæmd. Þetta var m.a. í ljósi þess að almenn sátt virtist vera um þessa leið.

Það virtist þó koma fólki á óvart hve mikið þyrfti að flýta skólabílunum til að dæmið gengi upp og því varð ákveðin óánægja með útfærsluna.

Klárlega mátti standa betur að kynningu strax eftir að ákvörðun var tekin en skólastjóri var beðinn um að segja frá ákvörðuninni í skólaslitaræðu sinni.

Þrátt fyrir mótmæli s.l. haust var ákveðið að halda sig við ákvörðunina, sníða af henni hnökra og meta síðan tilraunina að fenginni reynslu.

Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri var síðan fengin til að gera skoðanakönnun á öllum heimilum um þessi atriði og ef skoðuð er afstaða til lykilsurninga, sem hafa áhrif á ákvarðanatöku um framhaldið og einungis horft til þeirra sem ákvörðunin hefur áhrif á og taka afstöðu, þá er samantekin niðurstaða könnunarinnar þessi:

Meirihlutinn er ánægður með allar þær breytingar sem gerðar hafa verið og ánægjan er mest þar sem breytingar eru mestar, þ.e.a.s. lengst að fara í skóla og í bæinn með almenningsamgöngum og börnin þurfa að vakna fyrst. Ánægjan er síðan meiri hjá þeim sem eiga börn í framhaldsskólum og hafa meiri þörf fyrir almenningsamgöngurnar.

Jónas Vigfússon, sveitarstjóri